

# Skilmálar

## Fyrir aðgang kaupenda að pósthúsi fyrir rafræn skeyti (Skeytamiðlun)

### 1. Almennt um Skeytamiðlun Advania

Pósthús seljanda fyrir rafræn skjöl (**Skeytamiðlun**), sem er nánar skilgreint í grein 3, er miðlægt kerfi til flutnings á rafrænum skeytum sem send eru og móttækin af þeim sem kaupa aðgang að kerfinu, kaupendum.

Samningur þessi tekur ekki til nauðsynlegs eða æskilegs búnaðar fyrir tengingu við Skeytamiðlun, svo sem tölvubúnaðar eða nettengingar á starfsstöð kaupanda.

### 2. Samningsskjöl

Samningur þessi er í þremur hlutum: formlegum samningi, Samningsskilmálar þessir og Viðauka I sem undirritað er af hálfu bæði kaupanda og seljanda.

### 3. Skilgreiningar

Eftirtalin hugtök hafa svofellda merkingu þar sem þau koma fyrir í samningi þessum:

- *Seljandi* er félagið Advania ehf., kt. 590269-7199.
- *Kaupandi* er sá sem tilgreindur er sem slíkur á samningsblaði.
- *Rafrænt skeyti* er XML-skeyti sem svarar annað hvort til einhverra af þeim skeytalýsingum úr NES-afmörkun á skeytastaðlinum, sem er lýst í „ICEPRO Rafræn innkaup með XML – Handbók um viðskiptaferla, útg. 1.1, ICEPRO desember 2007.

Seljanda er áskilinn réttur til að ákveða hvaða skeytalýsingar eru gjaldgengar í kerfinu á hverjum tíma.

- *Skeytamiðlun* er heild þess vélbúnaðar, netbúnaðar, gagnatenginga, gagnagrunna, stýrikerfa vélbúnaðar og eftirtalins hugbúnaðar sem seljandi hýsir miðlægt og veitir aðgengi að samkvæmt samningi þessum:
  - Miðlægur hugbúnaður seljanda, nefndur.
  - Vefþjónustur sem veitir takmarkaðan aðgang að hinum miðlæga hugbúnaði.
  - Heimildir kaupenda til samskipta við Skeytamiðlun er stjórnað miðlægt af seljanda. Upplýsingar um þær aðgerðir sem standa kaupendum til boða hverju sinni í Skeytamiðlun er að finna á vefsíðu Skeytamiðlunar.
- *Vefsíða Skeytamiðlunar Advania* er vefsíða á vefsvæði Advania sem finna má á slóðinni <http://www.skeytamidlun.is/>

### 4. Aðgangur kaupanda að Skeytamiðlun Advania

#### 4.1. Sending rafrænna skeyta

Kaupandi getur sent sérhverjum þeim öðrum skeyti sem hverju sinni eru kaupendum að þjónustu Skeytamiðlunar. Kaupandi ber ávallt ábyrgð gagnvart seljanda á að skeyti sem hann sendir uppfylli þau skilyrði sem gerð eru hverju sinni til skeyta af viðkomandi umgjörð. Skeyti sem ekki uppfylla þær kröfur kunna t.d. að glatast eða verða send öðrum kaupendum en þeim sem til stóð að senda þau og ber sendandi einn alfarið alla ábyrgð á því.

Seljanda er heimilt að hafa eftirlit með rafrænum skeytum, t.d. til að tryggja rétt form þeirra og leita leiða til að koma í veg fyrir að vandkvæði leiði af skeytum sem ekki eru rétt formuð. Ef sending skeyta fer ekki fram með eðlilegum hætti að mati seljanda hefur hann heimild til að takmarka eða loka fyrir aðgang kaupanda að kerfinu.

Viðmiðunarstærð hvers þeirra skeyta sem tekið er við í Skeytamiðlun er 50 kB. Sjá verðskrá fyrir viðbótargjald.

#### 4.2. Móttaka rafrænna skeyta

Kaupandi getur sótt og uppfært að öðru leyti stöðu þeirra skeyta sem honum hafa verið send í Skeytamiðlun. Aðgangi kaupanda er stýrt af seljanda með því að nota þau auðkenni sem seljandi metur viðeigandi hverju sinni, til dæmis með aðgangs- og lykilorðum eða rafrænum skilríkjum. Kaupandi ber sjálfur skynbragð á afleiðingar þess að uppfæra stöður þeirra rafrænu skeyta sem hann móttækur, svo sem samþykkja eða hafna og ber einn alfarið alla ábyrgð á slíkum breytingum.

Seljanda er heimilt að hafa eftirlit með meðferð rafrænna skeyta í Skeytamiðlun, t.d. til að tryggja rétta meðferð þeirra og leita leiða til að koma í veg fyrir að vandkvæði leiði af óheimilum aðgerðum. Ef meðferð skeyta eða notkun kaupanda á Skeytamiðlun er ekki með eðlilegum hætti að mati seljanda hefur hann heimild til að takmarka eða loka fyrir aðgang kaupanda að kerfinu.

### 4.3. Tengingar

Kaupandi hefur eingöngu aðgang að Skeytamiðlun eftir einhverjum þessara leiða:

- Með því að tengjast vefþjónustum þeim sem eru til staðar í Skeytamiðlun hverju sinni. Kaupandi getur smíðað sín eigin tól til að nýta sér þessar vefþjónustur eða nýtt sér tól sem aðrir hafa smíðað í þeim tilgangi. Hyggist kaupandi skrifa sinn eigin hugbúnað til samskipta við vefþjónusturnar leggur seljandi kaupanda til, honum að kostnaðarlausu, tæknilega lýsingu á vefþjónustum sem þá eru í boði í Skeytamiðlun. Ef kaupandi vill nýta sér tól sem aðrir hafa smíðað til samskipta við vefþjónusturnar mun seljandi aðstoða hann eftir getu, svo sem með því að vísa á þá sem þegar hafa skrifað slíkan hugbúnað, t.d. fyrir tengingar við Navision/Axapta (Microsoft Dynamics NAV), eða, samkvæmt sérstöku samkomulagi aðila, leggja kaupanda til eða skrifa fyrir hann slíkan hugbúnað, t.d. fyrir tengingar við Oracle. Seljandi ber hvorki ábyrgð á þeim hugbúnaði sem hann er ekki höfundur að né notkun slíks hugbúnaðar til tenginga við Skeytamiðlun. Nýti kaupandi sér vefþjónustur til tengingar við seljanda skuldbindur kaupandi sig til að tryggja að ekki verði á hans vegum kallað örar en samtals tíu sinnum á sekúndu á slíkar vefþjónustur. Allt að 60 sekúndur geta liðið áður en vefþjónustur svara hverju sinni sem kallað er á þær.
- Með því að nota Windows service plug-in, skrifaður af seljanda, sem hann veitir kaupanda afnot af án sérstaks endurgjalds.

Á vefsíðu Skeytamiðlunar Advania má m.a. finna almennar upplýsingar og tilkynningar til kaupenda og starfsmanna þeirra, svo sem um þær skeytaumgjardir sem í boði eru hverju sinni.

Kaupandi skal tryggja og ábyrgjast að óviðkomandi aðilar komist ekki í útstöð sem hefur virkt aðgengi að Skeytamiðlun. Allar færslur sem koma auðkenndar kaupanda eru á ábyrgð hans.

### 4.4. Sérnið

Hægt er að nota tilbúið valkvæmt stílsnið til að birta NES reikninga. Seljandi ábyrgist þó ekki notkun þess stílsniðs eða að það uppfylli þarfir kaupanda. Sérnið kaupanda eru á ábyrgð hans.

## 5. Önnur þjónusta

### 5.1. Notendapjónusta

Seljandi veitir kaupanda notendapjónustu með tvennum hætti, símleiðis og um tölvupóst, í samræmi við þjónustusamning sem kaupandi kaupir hjá seljanda.

### 5.2. Lagfæringar, breytingar

Komi upp atvik sem kaupandi telur að sé galli í virkni Skeytamiðlunar skal hann án ástæðulauss dráttar tilkynna seljanda í tölvupósti um atvikið. Ef seljandi fellst á að umrætt atvik kalli á lagfæringar á kerfinu mun hann framkvæma þær.

Sama skal gert ef kaupandi óskar breytinga. Kaupandi getur óskað eftir breytingum og viðbótum á Skeytamiðlun með því að fylla út þar til gert eyðublað með ósk um viðbót eða breytingu. Seljandi upplýsir kaupanda skriflega eða í tölvupósti um hvort verkbeiðni er hafnað eða hún samþykkt, að jafnaði innan 4 vikna frá því að seljandi hefur mótttekið hana. Ef seljandi metur það svo að verkbeiðni frá kaupanda um breytingar séu sérþarfir fyrir kaupanda getur seljandi samþykkt verkbeiðnina með þeim fyrirvara að kaupandi samþykki að greiða sérstaklega þann kostnað sem leiðir af viðkomandi breytingu.

Framangreind eyðublöð er að finna á vefsíðu Skeytamiðlunar.

## 6. Öryggi og uppitími

Seljandi skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru af FUT-tækninefnd um flutning rafrænna skeyta og í gildi eru á hverjum tíma.

Seljandi skuldbindur sig til að tryggja að öðru leyti eftir fremsta megni öryggi þeirra gagna sem vistuð eru í miðlægum gagnagrunni Skeytamiðlunar hverju sinni, þ.e. leynd þeirra, heilleika og aðgengi að þeim. Seljandi ber ekki ábyrgð á tjóni sem kann að hljóta af saknæmri háttsemi þriðja aðila, svo sem vegna aðgerða slíks aðila til að öðlast og nýta óheimilan aðgang að kerfinu.

Seljandi stefnir að því að á sérhverju 365 daga tímabili verði uppitími og virkni Skeytamiðlunar sem næst 99%.

Skeytamiðlun er ætluð til flutnings á rafrænum skeytum, ekki til geymslu þeirra. Hámarks vörslutími

rafræns skeytis í Skeytamiðlun eru 30 dagar enda er gert ráð fyrir að móttakandi skeytisins hafi ávallt sótt viðkomandi skeyti innan þess tíma. Að liðnum þeim tíma er viðkomandi skeyti eytt, hvort sem það hefur verið sótt af móttakanda eður ei.

## 7. Þróun, viðhald og uppfærslur á Skeytamiðlun Advania

Viðhald, þróun og uppfærslur Skeytamiðlunar eru alfarið á forræði seljanda, þar á meðal ákvörðunarvald um breytingar og nýjungar í Skeytamiðlun, hvort sem þær eru að frumkvæði seljanda sjálfs eða annarra. Seljandi ber ekki ábyrgð á því ef þróun Skeytamiðlunar hefur þær afleiðingar að nauðsynlegt verður fyrir kaupanda að framkvæma breytingar á því sem hann nýtir til samskipta við Skeytamiðlun, svo sem vélbúnað eða hugbúnað, þar á meðal frá þriðja aðila, né tekur seljandi á neinn hátt þátt í kostnaði sem mögulega hlýst af því. Seljandi skal hins vegar upplýsa kaupanda með minnst sex mánaða fyrirvara um meiri háttar breytingar á Skeytamiðlun sem seljandi telur að muni kalla á slíkar breytingar hjá kaupanda. Að þeim tíma liðnum getur seljandi virkjað viðkomandi breytingar óháð því hvort kaupandi hefur brugðist við eða ekki. Hafi kaupandi þá ekki brugðist við með nægjanlegum hætti til að tryggja nauðsynlega samhæfni við hina breyttu Skeytamiðlun getur seljandi án frekari tafar lokað fyrir aðgang kaupanda að kerfinu að hluta eða að fullu, telji seljandi að umræddur dráttur valdi hættu á truflunum í rekstri þess.

## 8. Gildistími

Samningurinn tekur gildi við undirskrift. Samningurinn er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Uppsagnar-frestur seljanda er 6 mánuðir nema um vanskil sé að ræða samkvæmt 4. málsgrein 6. gr. um greiðslur. Uppsögnin tekur gildi um næstu mánaðamót eftir að uppsögn berst seljanda í pósti eða tölvupósti á netfangið [uppsogn@advania.is](mailto:uppsogn@advania.is)

## 9. Endurgjald og greiðsluskilmálar

Um endurgjald fyrir vöru og/eða þjónustu skal fara eftir gildandi gjaldskrá fyrir hverja vöru og/eða þjónustu Advania á hverjum tíma, nema um annað sé samið sérstaklega.

Kaupandi skal greiða seljanda fyrir sérhvert skeyti sem hann sendir eða móttækur með Skeytamiðlun, hvort sem þau eru móttækin eða þeim er hafnað. Aukaverk teljast öll verk sem ekki falla innan heildarsamnings. Slík verk eru háð sérstöku samkomulagi á milli aðila og eru reikningsfærð sérstaklega samkvæmt tímagjaldi. Fyrir slíka vinnu skal greitt samkvæmt gjaldskrá Advania eins og hún er á hverjum tíma, nema um annað hafi verið samið í heildarsamningi.

Vörur og/eða þjónustu skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið sérstaklega. Annar greiðslumáti en samkvæmt greiðsluseðlum eða reikningi telst ófullnægjandi.

Hafi verið samið um annan greiðslumáta en staðgreiðslu skal Advania senda út reikning fyrir selda vöru og/eða þjónustu. Reikningar frá Advania skulu vera sundurliðaðir og eftir atvikum studdir fylgiskjölum til þess að unnt sé að sannreyna þá.

Gjalddagi reiknings er fjórtán dögum eftir útgáfu reiknings og eindagi sex dögum eftir gjalddaga. Reiknast dráttarvextir á reikninga sem greiddir eru eftir eindaga í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Verði vanskil á greiðslum af hálfu viðskiptavinar er Advania heimilt að krefjast dráttarvaxta af þeirri fjárhæð sem í vanskilum er samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Veruleg vanskil af hálfu viðskiptavinar teljast vanskil sem vara í meira en 3 mánuði frá útgáfu reiknings.

Ef um veruleg vanskil af hálfu viðskiptavinar er að ræða er Advania heimilt að loka á þjónustuna og krefjast opnunargjalds ef opna á fyrir hana á nýjan leik.

Advania er jafnframt heimilt að rifta þjónustusamningi fyrirvaralaust og án sérstakrar aðvörunar ef um veruleg vanskil er að eða ef viðskiptavinur er í verulegum vanskilum við Advania vegna annarra viðskiptasamninga þeirra.

Viðskiptavininn er heimilt að rifta samningi þessum ef um verulega vanefndir Advania er að ræða sem varað hafa í þrjá mánuði og Advania hefur ekki bætt úr þrátt fyrir formlega áskorun viðskiptavinar.

Trúnaður og þagnarskylda

Seljandi, kaupandi og starfsmenn þeirra skulu gæta þagnarskyldu um hvaðeina er þeir verða áskynja í starfi sínu varðandi starfsemi gagnaðila og skylt er eða eðlilegt að leynt fari. Þagnarskylda helst eftir að samningssambandi aðila lýkur.

Aðilar samnings þessa lýsa því yfir og ábyrgjast að þeir og starfsmenn þeirra muni fara með upplýsingar er varða samning þennan og framkvæmd hans sem trúnaðarmál.

Samningur þessi og sá hugbúnaður sem hann tekur til varða mikilvæga viðskiptahagsmuni aðila og upplýsingar um hvorn tveggja eru því trúnaðarmál milli aðila. Kynning á eða umfjöllun um þá af hálfu aðila skal ekki fara fram nema með fyrirfram fengnu skriflegu samþykki beggja aðila.

## 10. Gallar, bilanir, ábyrgð og takmörkum ábyrgðar

Kaupandi gerir sér grein fyrir að Skeytamiðlun er ekki villulaus hugbúnaður og að í kerfinu eru eða kunna að vera minniháttar gallar. Slíkir gallar, sem ekki trufla Skeytamiðlun eða virkni þess á alvarlegan hátt eða um verulegan tíma, feli ekki í sér vanefnd af hálfu seljanda á samningi þessum.

Seljandi ábyrgist gagnvart kaupanda að hafa fulla ráðstöfunarheimild yfir því sem seljandi leggur til samkvæmt samningnum, þ.e. aðgang að Skeytamiðlun og aðra þjónustu sem hann tekur að sér að inna af hendi. Seljandi ber hins vegar enga ábyrgð á göllum eða bilunum, hverju nafni sem slíkt nefnist, í hugbúnaði, vélbúnaði, netkerfum eða öðru sem lögð eru til af kaupanda eða þriðja aðila.

Seljandi ábyrgist að þau skeyti sem flutt eru af kerfinu uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til forms skeyta skv. NES (North European Subset). Seljandi ábyrgist hins vegar ekki að skeyti í kerfinu séu efnislega rétt. Vilji kaupandi fá frekari staðfestingu þess að innihald móttækinnna skeyta sé rétt, svo sem með því að nota rafræna undirritun skeyta, er honum frjálst að kaupa þá þjónustu sérstaklega, t.d. frá seljanda.

Kaupandi ábyrgist gagnvart seljanda að hann hefur fulla ráðstöfunarheimild yfir þeim rafrænu skeytum sem hann nýtir Skeytamiðlun til að flytja. Kaupandi ber gagnvart seljanda ábyrgð á hverjum þeim afleiðingum sem verða af annarri notkun kaupanda á Skeytamiðlun en þeirri sem er í samræmi við samning þennan og telja verður eðlilega og sanngjarna. Kaupandi skuldbindur sig til að halda seljanda skaðlausum af hverjum þeim kröfum sem beint er að seljanda og tengjast rafrænum skeytum kaupanda sjálfs.

Bótaábyrgð seljanda er bundin því skilyrði að beint og ótvírætt tjón kaupanda megi rekja til mistaka og gáleysis seljanda eða starfsmanna hans. Seljandi ábyrgist ekki tjón kaupanda eða skráðra notenda á þeirra vegum, t.d. viðskiptavina eða starfsmanna, sem verður við það að aðrir en þeir komast yfir aðgang að eða misnota Skeytamiðlun, eða önnur kerfi tengd seljanda, eða upplýsingar í slíkum kerfum. Fjárhæð bóta vegna slíkra mistaka skal takmarkast við beint tjón.

Um ábyrgð seljanda sem milligönguaðila í rafrænum viðskiptum gilda ákvæði laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nú V. kafla laga nr. 30/2002.

Allt að einu takmarkast bótaábyrgð seljanda í sérhverju tilviki ávallt við það verð sem seljanda var greitt fyrir flutning þess rafræna skeytis sem þar um ræðir.

## 11. Hugverkaréttindi

Skeytamiðlun, tengd gögn og búnaður sem stafa frá seljanda, í núverandi mynd og þeirri mynd sem kerfið kann að taka á sig í framtíðinni, eru alfarið einkaeign hans að öllu leyti, þar á meðal notkunarleiðbeiningar, kynningar- og kennsluefni, sem og verklag og vinnubrögð, sem kaupanda eða starfsmönnum hans kann að verða kynnt. Seljandi á einn allan hugverkarétt, þar með talinn höfundarrétt, að öllum slíkum gögnum, búnaði og efni. Seljandi veitir kaupanda afmarkað leyfi til notkunar þessa búnaðar eftir því sem nánar er kveðið á um í samningnum og nauðsynlegt er til að framkvæma það sem í honum greinir. Notkunarleyfi þetta fellur að fullu og öllu niður um leið og samningurinn fellur úr gildi.

Með samningi þessum öðlast kaupandi eða aðrir en seljandi engan höfunda- eða hugverkarétt að Skeytamiðlun eða öðrum hugbúnaði eða hugverkum sem tengist eða kann að tengjast Skeytamiðlun, þar með töldum hverjum þeim séraðlögunum eða sérsníði sem kann að verða bætt við Skeytamiðlun, hvort sem slíkt verður gert að frumkvæði seljanda eða af öðrum sökum. Hið sama gildir varðandi tengt efni, svo sem leiðbeiningar um notkun, annað kynningar- og kennsluefni, sem og verklag eða vinnubrögð sem starfsmönnum kaupanda verða kynnt.

Í sumum tilvikum kunna að vera aðgangshindranir eða aðrar öryggisráðstafanir í Skeytamiðlun og er kaupanda óheimilt að breyta eða sneiða hjá slíkum hindrunum. Einnig er kaupanda óheimilt að breyta eða eyða upplýsingum frá seljanda er varða réttindi, vörumerki eða annað þess háttar. Ber kaupanda að leita tiltækra leiða til að koma í veg fyrir að starfsmenn hans eða aðrir breyti eða sneiði hjá framangreindum hindrunum eða breyti fyrrgreindum upplýsingum.

## 12. Persónuvernd

Kaupandi er ábyrgðaraðili og seljandi vinnsluaðili sérhverra þeirra persónuupplýsinga sem kann að vera að finna í þeim rafrænu skeytum sem kaupandi sendir með aðstoð Skeytamiðlunar.

Samningur þessi gegnir meðal annars hlutverki vinnslusamnings, í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Er seljanda skylt að vinna þessar upplýsingar eingöngu í samræmi við efni samnings þessa og fyrirmæli kaupanda. Kaupandi ber ábyrgð á því gagnvart seljanda að kaupandi hafa viðeigandi heimildir, svo sem samþykki hins skráða, til þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem hann kann að fela seljanda á grundvelli samnings þessa.

Seljanda er nauðsynlegt að vinna þær upplýsingar sem finna má í rafrænum skeytum í Skeytamiðlun kerfinu til að gegna hlutverki sínu sem rekstraraðili kerfisins. Þessar upplýsingar eru einkum notaðar til að tryggja rekjanleika færslna og við aðra eðlilega starfsemi tengda Skeytamiðlun.

Við vinnslu upplýsinga í Skeytamiðlun, þar á meðal persónuupplýsinga, er aðgangur takmarkaður við þá starfsmenn seljanda sem hann þurfa starfs síns vegna. Auk þess er seljanda eðli máls samkvæmt heimilt að miðla upplýsingum í rafrænum skeytum til viðtakenda skeytanna og til vinnsluaðila, svo sem aðila sem gert hafa þjónustusamninga við kaupendur eða seljanda; annarra aðila sem nauðsynlegt er að fá viðkomandi upplýsingar svo kaupandi fái notið þjónustu Skeytamiðlunar; auk aðila sem seljanda er á hverjum tíma skylt að veita upplýsingar á grundvelli laga, dómsúrskurðar eða ákvörðunar þar til bærra yfirvalda.

Seljandi tryggir öryggi persónuupplýsinga með því að leitast við að uppfylla á hverjum tíma lög og reglugerðir sem lúta að persónuvernd og viðhafa þær öryggisráðstafanir sem vísað er til í grein 6 hér að framan.

Persónuupplýsingar eru einungis varðveittar á meðan á varðveislutíma viðkomandi rafræns skeytis stendur, eins lengi og lög mæla fyrir um eða svo lengi sem málefnaleg ástæða er til, sbr. þó um hámarks vörslutíma í grein 6 hér að framan.

## 13. Framsal réttinda

Hvorugur aðili samnings þessa getur framselt réttindi eða skyldur samkvæmt samningnum til þriðja aðila án skriflegs samþykkis hins.

## 14. Samstarf og eignarhald kaupanda

Ef kaupandi sameinast öðrum lögaðila eða starfsemi eða starfssviði hans er breytt þannig að röskun verður á forsendum seljanda fyrir samningi þessum getur seljandi sagt samningi þessum upp án frekari skýringa.

## 15. Óviðráðanlegir atburðir

Hvorugur samningsaðila ber ábyrgð á því tjóni gagnaðila síns sem rakið verður til atvika eða atburða sem þeir hafa ekki eða geta ekki haft stjórn á (force majeure), svo sem vélar- eða hugbúnaðarbilana, truflana í síma- og fjarskiptanetum, rafmagnstruflana, verkfalla, eldsvoða, ófriðar, náttúruhamfara eða annarra sambærilegra atvika.

Nú hafa framangreind atvik eða atburðir staðið samfelld í 30 daga eða lengur og er þá hvorum aðila sem er heimilt að segja samningi þessum upp án frekari uppsagnarfrests ef viðkomandi atvik eða atburðir koma enn í veg fyrir að samningurinn verði efndur samkvæmt efni sínu og tekur þá uppsögnin gildi þegar við það að slík tilkynning berst gagnaðila.

## 16. Lög og varnarþing

Íslensk lög skulu gilda um viðskiptaskilmála þessa, grunnsamninga, samningsviðauka og eftir atvikum tilboð sem Advania gerir við viðskiptavinum sína. Ágreining um framkvæmd heildarsamnings skulu Advania og viðskiptavinur leitast við að leysa með samkomulagi. Ef ekki næst samkomulag skulu ágreiningsmál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Heimilt er að vísa ágreiningi til gerðardóms ef báðir aðilar eru því samþykkir og skulu lög nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma gilda um málsmeðferð fyrir gerðardómi.

*Skilmálar þessir gilda frá og með 1. desember 2010. Gildandi útgáfu þeirra má ávallt finna á vefsíðu Skeytamiðlunar Advania.*